

**FUNDARBOÐ 5. OKTÓBER KL: 20.00**

## MELTING OG ANDLEG HEILSA



Næsti fræðslufundur verður sameiginlegur með Stómasamtökunum og verður haldinn fimmtudagskvöldið 5. október. Fyrirlesari á fundinum verður Margrét Ólafía Tómasdóttir heimilislæknir. Hún lauk stúdentsprófi frá Menntaskólanum í Reykjavík árið 2001, kandídatsprófi í læknisfræði frá Háskóla Íslands vorið 2007 og sérnámi í heimilislæknungum sumarið 2014. Hún varði doktorsritgerð sína haustið 2017 í Prándheimi. Margrét starfar jafnframt sem lektor við Háskóla Íslands og er yfirlæknir á Próunarmiðstöð Íslenskrar heilsugæslu.

Margrét mun fjalla um áhrif áfalla, streitu og erfiðleika á þróun langvinnra sjúkdóma.

Fundurinn fer fram í húsi Krabbameinsfélagsins í Skógarhlíðinni, 1.hæð til hægri og hefst kl. 20:00. Við stefnum á að senda fundinn út í umræðuhópnum en það væri frábært að sjá ykkur í salnum :-)



## AÐALFUNDUR EFCCA

Fundurinn var tvískiptur eins og síðustu ár, fyrri hlutinn var á netinu 27. maí og seinni hlutinn þann 10. júní í Bratislava. Á dagskrá voru hefðbundin aðalfundarstörf, skýrsla stjórnar, reikningar samþyktir og kosið í embætti. Stefnuskrá / vinnuplan EFCCA 2023 - 2027 var kynnt, farið yfir niðurstöður IBD herferðarinnar í maí og DIVA, gagnagrunnur EFCCA kynntur.

Á fundinum í Bratislava var fluttur mjög áhugverður fyrirlestur af Caitriona O. Driscoll, prófessor í University College Cork School of Pharmacy. Hún fer fyrir teymi sem er að byrja á 5 ára rannsókn um þróun á nýju lyfi fyrir "ileal Crohns". Ástæðan fyrir valinu, er sú að það er mjög erfitt að koma lyfjum á þann stað í þörmunum. Rannsóknin snýst um að reyna að sanna að hægt sé að búa til RNA lyf sem fókusar einvörðungu á það svæði eða þær frumur sem þarf að lækna. Lyfið á að vera hægt að gefa í töfluformi og til þess að það sé hægt, þarf að finna upp réttar "umbúðir" svo það geti ferðast á veika staðinn í þörmunum og leyst upp á réttum stað. Lyfið fer aldrei út í blóðrásina og hefur þar með sáralitlar eða jafnvel engar aukaverkanir; það fer ekki í blóðið og RNA er prógrammerað til að lagfæra eingöngu sýkta svæðið.

Teymið gerir eingöngu tilraunir á svínainnnyflum sem eru mest lík innnyflum mannsins. Ef þetta tekst innan 5 ára er verkefnið tilbúið til afhendingar í tilraunaferli sem tekur a.m.k. önnur 5 ár áður en lyf væri komið með markaðsleyfi. Caitriona var frábær fyrirlesari og tókst að koma mjög svo flóknum hlutum til skila á einfaldan hátt. Svo vel að manni fannst að þetta hlyti bara að takast !

## FRÆÐSLA

Seinni fræðslufundur haustsins verður á dagskrá fimmtudagskvöldið 9. nóvember kl. 20 í sal Vistor í Hörgatúninu. Fyrirlesarar verða stöllurnar Verónika Kristín og Sólveig með pistil á persónulegum nótum.

Nánar auglýst síðar.

## HEIMASÍÐAN

Einhverjir hafa kannski tekið eftir nýju útliti á heimasíðu CCU. Jomla-útgáfan sem var í notkun hætti að fá öryggisviðbætur í sumar og nauðsynlegt var að uppfæra kerfið í nýrri útgáfu. Þá kom í ljós að þemað sem var í notkun, var ekki lengur í boði. Ekki reyndist hægt að endurskapa eldra útlit algerlega óbreytt en vinnu við endurbætur er ekki alveg lokið. Allt efni sem var fyrir á síðunni er til staðar, hluta efnis var hægt að færa sjálfvirkt yfir á nýja útgáfu en hluta þurfti að færa handvirkit yfir.

## AÐALFUNDUR ÖBÍ...

... fer fram 6. og 7. okt. á Grand Hôtel Reykjavík. Meðal annars verður nýr formaður kjörinn og einnig formenn mál-efnahópa. Starf málefnavahópanna er með mikilvægustu þáttunum í málefnavinnu ÖBÍ og eru starfandi 6 fastir málefnavhópar: Aðgengishópur, heilbrigðishópur, húsnæðishópur, kjarahópur, atvinnu- og menntahópur og barnahópur. Fulltrúuar beirra koma frá aðildarfélögum bandalagsins og ef þú, kæri félagsmaður, hefur áhuga á að taka þátt í starfinu, endilega hafðu samband við stjórn CCU :-)

## REYKJAVÍKURMARAÐON

Hlaupið fór fram þann 19. ágúst og sjö manns hlupu fyrir samtökin í 10 km., hálfu og heilu maraþoni. Innilegar þakkir fyrir frábæran stuðning kæru hlauparar !



## SPAKMÆLI MÁNAÐARINS

Þekkingin er eins og úthafið, því lengra sem maður kemst út á það, þess minni verður maður.

Ókunnur höfundur